

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 47/2024

2024/EES/52/04

frá 15. mars 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2583 frá 20. nóvember 2023 um leyfi fyrir L-ísólevisíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80185, sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2594 frá 21. nóvember 2023 að því er varðar synjun um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með róbenidínhyðróklóríði (Cycostat 66G) sem fôðuraukefni fyrir kanínur til undaneldis og eldiskanínur (leyfishafi er Zoetis Belgium S.A.) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 532/2011 ⁽²⁾.
- 3) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/2594 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 532/2011 ⁽³⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fôður. Ákvæði löggjafar um fôður skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi liðir bætast við á eftir 524. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1455):

„525. **32023 R 2583:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2583 frá 20. nóvember 2023 um leyfi fyrir L-ísólevisíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80185, sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L, 2023/2583, 21.11.2023).

526. **32023 R 2594:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2594 frá 21. nóvember 2023 að því er varðar synjun um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með róbenidínhyðróklóríði (Cycostat 66G) sem fôðuraukefni fyrir kanínur til undaneldis og eldiskanínur (leyfishafi er Zoetis Belgium S.A.) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 532/2011 (Stjtið. ESB L, 2023/2594, 22.11.2023).“
2. Texti liðar 2zi (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 532/2011), 11. undirliðar liðar 1k (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2430/1999) og 3. undirliðar liðar 1zzd (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1800/2004) fellur brott.

⁽¹⁾ Stjtið ESB L, 2023/2583, 21.11.2023.⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2594, 22.11.2023.⁽³⁾ Stjtið. ESB L 146, 1.6.2011, bls. 7.

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2023/2583 og (ESB) 2023/2594, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. mars 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. mars 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.